



Hafnarfjörður

Hafnarfjörður 15. 12 2022

Leikskóli – stytting vinnuvikunnar

Málsnúmer - 2212233

Verkalýðsfélagið Hlíf

Fyrirkomulag

Starfsfólk hefur kosið 36 stunda vinnuviku. Stimpilkukka heldur utan um styttingu sem skal vera innan yfirvinnutímabils frá 11. hvers mánaðar til 10. næsta mánaðar. Ekki er heimilt að færa styttingu milli tímabila. Gert er ráð fyrir að styttingin geti farið fram í hverri viku, sé safnað upp í heila daga eða sé einhvers konar blanda af þessu tvennu. Ávallt skal taka tillit til starfs og verkefna í skólastarfinu við skipulag vinnutímastyttingar. Ákvarðanir eru teknar í samráði við skólastjórnendur.

Úttekt á styttingu hefst 15. desember. Uppsöfnun á styttingu frá og með 15. des 2022- 1. jan 2023 verður tekin út í janúar og febrúar í samráði við stjórnendur viðkomandi starfsstöðva með fyrirvara um samþykki bæjarráðs.

Mælikvarðar, markmið:

- Auka starfsánægju.
- Stuðla að samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.
- Endurmat: Metnar verða niðurstöður starfsmannasamtala og skoðaðar niðurstöður vinnustaðagreiningar.